

Alþingi
Erindi nr. P 140/1616
komudagur 22.3.2012

Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

21. mars 2012

Umsögn Vantrúar um framvarp til breytinga á lögum nr. 108/1999, þingskjal 771 - mál 509.

Felagið Vantrú er andvíggt hvers konar aðkomu ríkisvaldsins að trúarlífi landsmanna, þ.á.m. því að ríkið haldi opinberar skrár um aðild landsmanna að trúfélögum eða styrki þau með fjárframlögum úr ríkissjóði. Afstaða félagsins er því sú að lög nr. 108/1999 um skráð trúfélög verði einfaldlega numin úr gildi ásamt öðrum lagabálkum sem stangast á við framangreind markmið félagsins. Þrátt fyrir að frumvarp það sem nú er til umræðu gangi ekki svo langt þá fagnar Vantrú öllum breytingum sem miða að því að koma til móts við sjónarmið félagsins um jafnrétti lífsskoðanna. Um efni þess frumvarps sem nú er til umræðu vill Vantrú koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Skráning barna

Vantrú telur óeðlilegt að börn séu sjálfkrafa skráð í trúfélag við fæðingu. Þegar kemur að lagasetningu sem hefur áhrif á stöðu barna er eðlilegt að miðað sé við hagsmuni þeirra. Jafnréttisstofa hefur í áliti sínu frá 1. desember 2008 bent á að ekki sé að sjá að það sé í þágu hagsmuna barna að þau séu sjálfkrafa skráð í trúfélag við fæðingu. Vantrú álitur að þeir einu sem hægt er að sjá að hafi hagsmuni af því eru trúfélögin sjálf. Jafnréttisstofa bendir á að miklu eðlilegra sé, og í meira samræmi við jafnréttislög, að forsjáraðilar taki ákvörðun um það hvort og hvenær börn séu skráð í trúfélög. Vantrú er sammála því áliti og leggur til að lögunum verði breytt í samræmi við það:

Annar staflíður [9.gr.](#) laganna hljóði svo: "2. mgr fellur brott."

Lífsskoðunarfélög

Í stað þess að fá framlög frá ríkinu í formi sóknargjalda ættu trúfélög að fjármagna sig sjálf með framlögum frá félagsmönnum, til dæmis í formi félagsgjalda. En á meðan ríkið er á annað borð að styrkja trúfélög á þennan hátt ætti það ekki að mismuna sambærilegum félögum sem byggja ekki á trúarlegum grunni. Að gefnu tilefni skal tekið fram að Vantrú mun ekki sækjast eftir opinberri skráningu sem lífsskoðunarfélag, enda samræmist það ekki markmiðum félagsins.

Virðingarfyllst f.h. Vantrúar

Egill Óskarsson formaður